

TJALDSVÆÐIÐ Í VÍK Í MÝRDALSHREPPI DEILISKIPULAG

Greinargerð og deiliskipulagsupprættir



TEIKNISTOFAN VÍÐIHLÍÐ 45
26. FEBRÚAR 2014

EFNISYFIRLIT

0. Deiliskipulagsferlið 2

1. Almennar upplýsingar 3

1.0. Almennt 3

1.1. Aðalskipulag - lagalegur grundvöllur 3

1.2. Mörk deiliskipulagssvæðisins 3

1.3. Kortagrunnur 3

2. Núverandi aðstæður 4

2.0. Almennt 4

2.1. Veðurfar 4

2.2. Skipulagssvæðið - núverandi aðstæður 4

3. Tilgangur og viðfangsefni deiliskipulagsgerðar 6

3.0. Almennt 6

3.1. Yfirlit - helstu breytingar 8

4. Skipulagsskilmálar 9

4.0. Almennt 9

4.1. Bílaumferð 9

4.2. Bílastæði 9

4.3. Veitur 9

4.4. Landmótun, uppgræðsla og gróður 9

4.5. Brunavarnir 9

4.6. Sorp – móttaka, flokkun og förgun 10

4.7. Losu á seyru frá húsbílum 10

4.8. Leiksvæði fyrir börn 10

4.9. Göngustígar og útsýnispallur 10

5. Byggingarskilmálar 10

5.0. Almennt 10

5.1. Klettsvegur 5 – svæði F 10

5.2. Klettsvegur 7a, sunnan vegar – svæði C og D 11

5.3. Klettsvegur 7b, norðan vegar – svæði G 11

5.4. Fyrrverandi sandnámur - Klettsvegur 9 – svæði J 12

6. Fylgigögn 12

6.1. Deiliskipulagsuppdrættir 12

6.2. Skýringarmyndir af mannvirkjum 12

0. Deiliskipulagsferlið

Hér er rakinn ferill vinnu og afgreiðslu deiliskipulags fyrir tjaldsvæðið í Vík í Mýrdal.

Vinna við deiliskipulagið hófst _____

Í febrúar 2014 voru hugmyndir eigenda kynntar fyrir sveitarstjórn.

Tillagan að deiliskipulagi var auglýst til kynningar á tímabilinu ____ 2014 til 2014.

Almennur kynningarfundur var haldinn í Vík þ. ____ 2014.

Frestur til að skila inn athugasemdum var til ____ 2014. ____ athugasemdir bárust og var fjallað um þær á fundum skipulags- og byggingarnefndar ____ 2014.

Tillagan var samþykkt óbreytt á fundi skipulags- og byggingarnefndar ____ 2014.

Sveitarstjórn samþykkir á fundi sínum þann ____ 2014 fyrirbyggjandi tillögu og

fól sveitarstjóra að senda hana ásamt athugasemdum og öðrum fylgiskjöllum til

Skipulagsstofnunar.

Ævar Harðarson arkitekt FAÍ hefur unnið deiliskipulagstillöguna í samráði við eigendur; Birgi Harðarson og Sif Hauksdóttur.

1. Almennar upplýsingar

1.0. Almenn


Í þessari greinargerð er lýst deiliskipulagi fyrir tjaldsvæðið í Vík í Mýrdal. Þessi deiliskipulagsáætlun er unnin að ósk eigenda tjaldsvæðisins og með vitund Mýrdalshrepps.

Ekkert deiliskipulag er til af tjaldsvæðinu.

1.1. Aðalskipulag - lagalegur grundvöllur

Ákvæði í aðalskipulagi um deiliskipulagsvæðið

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag 2012 -2028, sem samþykkt var af Skipulagstofnun 28. október 2013. Samkvæmt ákvæðum í aðalskipulagi er tjaldsvæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og merkt grænum lit og bókstafnum [T] á aðalskipulagsuppdrátti, sjá mynd 1.



Mynd 1. Hluti af aðalskipulagsuppdrátti er sýnir deiliskipulag. Tjaldsvæðið er merkt með [T] og litað grænt. Svæði A, sem er áhættusvæði vegna ofanflóða er merkt inn með litaðri línu.

Í greinargerð aðalskipulags segir í kafla 5.4. Opin svæði til sérstakra nota:


Almennt er heimiluð mannvirkjagerð á opnum svæðum til sérstakra nota, enda tengist hún nýtingu svæðisins. [Ennfremur] Ef ráðgert er að ráðast í uppbyggingu mannvirkja er nauðsynlegt að vinna deiliskipulag fyrir svæðið sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota eða næsta nágrenni fyrirhugaðra mannvirkja.

Í samræmi við þessi ákvæði er þetta deiliskipulag unnið.

Kvaðir á deiliskipulagsvæðinu

Í greinargerð aðalskipulags, kafla 5.7 og á aðalskipulagsuppdrátti fyrir þéttbýli er gerð grein fyrir áhættu samfara náttúrvá, sem aðallega eru ofanflóð, snjóflóð, skriður og berg- og framhlaup frá brekkum og fjallshlíðum. Hættusvæðum vegna ofanflóða er skipt í flokka þar sem mest áhætta er á C- svæðum og minnst á A- svæðum. Gistiskálinn Höttur sem stendur á lóðinni Klettsvegi 5 er á A- svæði. Eftirfarandi segir um svæði A:

Svæði A: Heimilt er að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði án sérstakra styrkinga nema hvað styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði s.s. fjölbýlishús, sjúkrahús og skóla, og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum.



Mynd 2.

Loftmynd sem sýnir mörk deiliskipulagsins. Svæði A er sýnt með skyggðum reit.

Svæði A, er merkt inn á loftmynd (mynd 2) með skástrikuðu svæði.

1.2. Mörk deiliskipulagssvæðisins

Á meðfylgjandi loftmynd (mynd 2) eru sýnd mörk deiliskipulagsins en deiliskipulagið nær til þriggja lóða; Klettsvegar 5, 7 og Klettsvegar 9, sem er fyrirverandi sandnámu og er staðsett austast á svæðinu. Klettsvegur, sem eitt sinn var þjóðvegurinn, liggur um mitt deiliskipulags-svæðið.

1.3. Kortagrunnur

Við kortagerðina er stuðst við myndmælda loftmynd með hæðarlínum, sem lóðarhafi hefur fengið hjá Loftmyndum ehf., árið 2012.

2. Núverandi aðstæður

2.0. Almenn

Tjaldstæði í Vík er staðsett á flatlendi austan til í byggðakjarnanum í Vík í Mýrdal. Svæðið hefur orðið til í aldanna rás við framburð jökulfljóta og jökulhlaupa úr Mýrdalsjökli. Sérstakt einkenni fyrir staðinn er Reynisfjall í vestri með hinum sérkennilegu Reynisdröngum sem rísa lóðrétt upp úr sjónum. Í norðri er tjaldsvæðið afmarkað af klettabelti um 15 til 40 metra hátt, myndað úr móbergsstöpum. Upp úr Mýrdalssandi í austri rís svo Hjørleifshöfðinn. Fyrir framan er Atlantshafið, síbreytilegt og óþreytandi í sinni stöðugu landmótun. Þó svo að byggðakjarninn í Vík liggja við rætur hins mikla eldfjalls Kötlu, sem í eldgosum spýr eldi og eimyrju yfir umhverfið er furðu grænt í Vík. Forsenda þess er þunnt jarðvegslag en þar nær gróður að dafna með ágætum m.a. vegna hagstæðs veðurs.




Mynd 3. Reynisdrangar og Reynisfjall



Mynd 4. Séð yfir Víkurþorp og tjaldsvæðið í Vík

2.1. Veðurfar

Einkennandi fyrir veðrið í Vík í Mýrdal er mikil úrkoma en ársmeðalúrkoman er um 2400 mm, sem er með því mesta á láglendi á Íslandi. Annað einkenni er að vetrarhiti í Vík er talsvert hærri heldur en víðast annars staðar á landinu. Sumarhitinn er nálægt því hæsta sem gerist á landinu. Sveiflur eru þó talsverðar á hitafari, einkum yfir vetrartímann. Á árabílinu 1992 - 2002 var meðalhámarkshiti var 8,1°C og meðallágmarkshiti var um 0,0°C. Hæsti hiti sem mælst hefur í Vík eru 28,5°C, 11. ágúst 1939. Lægsti hiti í Vík er -16,9°C sem mældist aðfaranótt 1. apríl 1968, en þá var fádæma kalt um land allt. Meðalvindhraði í Vík á árunum 1992-2002 var 4,0 m/sek (8 hnútar), en það er talsvert undir samanburðartölum í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Vindrós sýnir að ríkjandi vindáttir eru suðaustan vindur en þetta er einnig úrkomuáttin. Við skipulag tjaldsvæðið hefur verið tekið mið af þessu veðurfari, sérstaklega við hönnun skjólgarða, staðsettingu gróðursvæða og bygginga, þannig að sem mest skjól myndist.



Mynd 5. Vindrós fyrir Vík í Mýrdal. Heimild; Verðurstofa Íslands.

2.2. Skipulagssvæðið - núverandi aðstæður

Lýsing þessi nær til tjaldsvæðisins í heild. Þess ber að geta að gamli þjóðvegurinn austur á land, sem nú heitir Klettsvegur liggur um mitt tjaldsvæðið og sker það í tvennt. Í dag hefur tjaldsvæðið yfir að ráða tveimur lóðum, sem heita samkvæmt fasteignaskrá Klettsvegur 5 og 7. Eigandi hefur óskað eftir því við sveitarfélagið að fyrirverandi sandnáma austan við Klettsveg 7 verði sameinuð tjaldsvæðinu. Fyrri sveitarstjórn hafði samþykkt að sandnáma skyldi sameinuð tjaldsvæðinu. Ástæðan er að eigendur tjaldsvæðis vilja græða upp og nýta þessa fyrirverandi sandnámu fyrir ferðaþjónustu, ásamt því að hefta sandfok.



Mynd 6. Tjaldsvæðið séð frá þjóðveg.

2.2.1. Klettsvegur 5

Lóðin liggur norðan Klettsvegar og undir hinu einkennandi klettabelti sem afmarkar lóðina í norður. Í austri afmarkast þessi lóð af læk, klettabeltið fyrir ofan, í suðri af Klettsvegi og í vestri af lóðarmörkum.

Eitt mannvirki stendur á lóðinni en það er gistiskálinn Höttur, sem er eftirlíking burstabæjar. Undir tveimur burstum eru tvö sjálfstæð gistirými samtals 46.8 m². Samkvæmt Fasteignaskrá var Höttur byggður árið 1984. Þetta hús þarfnast endurbóta.

Rétt norðaustan við Hött stendur stakur drangur sem losnað hefur frá klettabeltinu, sigið og hallast til hliðar. Hætta getur stafað af þessum staka dranga, samkvæmt matskýrslu sérfræðinga veðurstofunnar. Sérfræðingar hafa lagt til að athugað verði hvort hægt sé að fella þennan drang til að minnka slyshættu. Á austurhluta lóðarinnar og umhverfis lækjarfarveginn er all nokkur gróður.

Samkvæmt Fasteignaskrá er lóðin Klettsvegur 5 er 1.600 m² að stærð.



Mynd 7. Gistiskálinn Höttur undir klettabeltinu. Beint fyrir aftan Hött stendur stakur drangur sem hætta getur stafað af.

2.2.2. Klettsvegur 7

Lóðin er tvískipt og liggur sitt hvoru megin við Klettsveg. Sunnan vegar er land marflatt en norðar vegar er landið að hluta í miklum bratta. Til hægðarauka er sá hluti lóðar sem er sunnan vegar kallaður Klettsvegur 7a og lóð norðan vegar Klettsvegur 7b.

Það sem einkennir lóðina sunnan við Klettsveg er stórt grasivaxið flatlendi, sem í dag er aðallega notað fyrir hjólhýsi og húsbíla. Afmarkaðir hafa verið sérstakir reitir fyrir þessa starfsemi með ca 1,5 metra háum jarðvegsgörðum inni á miðri lóðinni. Þessir jarðvegsgarðar ásamt gróðri mynda ágætt skjól fyrir veðri og vindum.



Mynd 8. Ljósmynd af tjaldsvæðinu, séð til suðvestur í átt að Reynisdröngum.

Nokkur hús standa á þessum hluta lóðarinnar. Fyrst er að telja áttthyrnt þjónustuhús með strýtulaga þaki. Í þessu húsi er snyrti- og þvottaaðstaða gesta, skrifstofa og geymsla tjaldstæðisins og salur þar sem gestir geta matast. Samkvæmt upplýsingum í Fasteignaskrá var áttthyrnt þjónustuhús byggt árið 1995 og er 159,3 m² að stærð. Húsið þarfnast nokkurra lagfæringa, einkum snyrtiaðstaðan sem er farin að láta á sjá. Á lóðinni eru einnig þrjú óskráð strýtulaga smáhýsi, hvert um sig um 17 m². Þessi hús eru í umsjón þýskrar ferðaskrifstofu og hafa fengið að standa á lóðinni samkvæmt sérstöku samkomulagi við lóðarhafa. Gert er ráð fyrir að þessi hús verði fjarlægð í samráði við þýsku ferðaskrifstofuna.

Lóðin norðan Klettsveg er allt öðru vísi enda liggur hún undir þverhnýptu klettabelti, sem setur sérstakan svip á staðinn. Nokkuð af fuglum heldur til í klettabeltinu, aðallega fýll.

All nokkur landmótun hefur farið fram undir klettabeltinu. Grasfletir hafa verið sléttaðir og útbúnir stallar í hlíðina. Annað einkenni er trjágróður, sem hefur verið plantaður í gegnum árin á belti meðfram Klettsvegi. Þessar aðgerðir gera það að verkum að þarna er gott skjól og svæðið því ákjósanlegt til að setja upp tjöld í skjóli fyrir ríkjandi suðaustan áttum Helmingur lóðarhlutans norðan vegar er ýmist klettabelti og brekkur sem erfitt er að nýta fyrir hjólhýsi, húsbíla og/eða töld. Engin hús standa á þessum hluta lóðarinnar.

Samkvæmt fasteignaskrá er lóðin Klettsvegur 7 er 45.000 m² að stærð. Lóðarhlutinn sunnan vegar (Klettsvegur 7a) er 34.690 m², en lóðarhlutinn norðan (Klettsvegur 7b) er 10.590 m².

2.2.3. Fyrrverandi sandnámur - Klettsvegur 9

Eigendur tjaldsvæðisins í Vík hafa farið fram á það við Mýrdalshrepp með formlegum hætti að fá til afnota svæði norðan Klettsvegar þar sem áður voru sandnámur. Það var samþykkt af fyrri sveitarstjórn en ófrágenginn er lóðarleigusamningur. Markmiðið er að græða upp landið, til að hindra sandfok inn á tjaldsvæðið. Í ríkjandi vindátt berst sandur inn á núverandi tjaldsvæði. Hugmyndir eru um að hindra þetta sandfok með því að rækta svæðið og nota það til framtíðaruppbyggingar m.a. fyrir nýja starfsemi á sviði ferðapjónustu.

Árið 2009 voru ummerki eftir sandnámuna afmáð með því að ýta til sandi og slétta landið. Sáð hefur verið í landið og er gras farið að vaxa þar. Þetta land er all bratt en efst á því, uppi undir klettabeltinu er all stór slétt flöt í um 20 til 25 metra hæð yfir sjávarmáli.

Hugmyndir eru uppi um að byggja stalla í hlíðina sem mætti nýta fyrir tjöld, smáhýsi eða aðra þjónustu. Einnig eru uppi hugmyndir um að byggja útsýnispall á sléttu flötinni uppi undir klettabeltinu, enda skemmtilegt útsýni þaðan yfir nágrennið.

Samkvæmt skipulagsuppdrætti mælist lóðin vera 16.426 m².



Mynd 9. Loftmynd af fyrrverandi sandnámu eftir að búið var að slétta land.

3. Tilgangur og viðfangsefni deiliskipulagsgerðar

3.0. Almenn

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir tjaldsvæðið. Þar sem ráðgert er að ráðast í uppbyggingu mannvirkja var meðfylgjandi deiliskipulag unnið fyrir svæðið.

Núverandi tjaldsvæði var opnað í Vík árið 1982. Þá voru teknar í notkun flatir norðan Klettsvegar, sem nýttar voru sem tjaldsvæði. Árið 1984 var Hötturinn byggður. Árið 1995 var opnuð áttthynd þjónustustöð sunna Klettsvegar. Þar var sett um salernis-, sturtu-, þvotta- og eldunaraðstöðu fyrir gesti tjaldsvæðis.

Gestum hefur síðan fjölgað verulega, sérstaklega síðustu ár. Þörf er á ýmsum breytingum á aðstöðu til móttöku ferðamanna og fjölgun gisteininga. Markmið skipulagsins er að móta umgjörð um tjaldstæðið og tryggja að aukin fjöldi ferðamanna sem nýta svæðið fái þá þjónustu sem þeir sækjast eftir.

Í deiliskipulaginu eru sett fram markmið um landmótun, uppgræðslu, afmörkun byggingarreita, bílastæða og bílaumferðar. Skilgreindar eru byggingarheimildir fyrir gistingu og þjónustu. Jafnramt eru markaðar gönguleiðir og útsýnisstaður.

Tillaga að deiliskipulagi tjaldstæðisins tekur til 6,5 ha svæðis sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Helstu áhersluatriði í skipulaginu eru:

- **Nýtt þjónustuhús**
Húsið er staðsett austast á tjaldsvæðinu og er til að bæta salernis- og baðaðstöðu gesta. Á sama stað er þjónustuplan fyrir húsbíla og hjólhýsi, sorpgámar.
- **Gistiaðstaða**
Framboð á gistingu verður aukið með því að stækka Hött um tvær gisteiningar og byggja ný smáhýsi með allt að átta gisteiningum á Klettsvegi 7b. Jafnframt eru hugmyndir að byggja gisteiningar í sandnámu.
- **Skjólmyndun og uppgræðsla**
Skjólmyndun er gerð með jarðvegsgörðum og trjágróðri. Uppgræðsla fer fram með sérvöldum gróðri, sem hentar aðstæðum.
- **Bílastæði**
Bílastæðum er fjölgað og komið fyrir stæðum fyrir rútur austast á svæðinu. Skipulag tjaldsvæðisins miðar við að aðstaða fyrir hjólhýsi og húsbíla verði á flatlendinu sunnan Klettsvegar en aðstaða fyrir tjöld verði norðan vegar. Sameiginleg þjónusta er staðsett austast á svæðinu og upp við Klettsveg. Bílastæðum er komið fyrir meðfram Klettsvegi.

- **Umferð á tjaldstæðinu**
Þegar liggur fyrri akvegur um tjaldflatir á neðra svæi. Fyrirhugað að lengja þennan akveg og útbúa akveg inn á afmörkuð tjaldhólf.
- **Afmarka tjaldflatir**
Endurskilgreina þarf og þróa tjaldflatir í samræmi við eftirspurn og breytilegar venjur ferðamanna. Mögulegt þarf að vera að stækka tjaldflatirnar í áföngum og breyta nýtingu þeirra í takt við breytingar á venjum ferðamanna.
- **Afmarka gönguleiðir og bæta merkingar**
Þegar liggja fyrir gönguleiðir til og frá þjónustumiðstöð. Fyrirhugað er að lengja gönguleiðir og afmarka enn skýrar.
- **Upplýsingamiðlun til gesta.**
Þegar liggur fyrir upplýsingamiðlun fyrir gesti í formi upplýsingaskilta um náttúrlíf og gönguleiðir. Fyrirhugað er að fjölga upplýsingaskiltum.
- **Skilgreina og afmarka leiksvæði fyrir börn**
Í dag er leiksvæði staðsett meðfram Klettsvegi og uppi við þjónustuhús. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að stækka þetta svæði til vesturs og koma þar fyrir fjölbreyttri aðstöðu til leikja.
- **Tjörn**
Hundakofalækur rennur austan Hattar niður fyrir Klettsveg og myndar þar tjörn. Hugmyndir eru um að forma þessa tjörn og aðlaga landslagi.
- **Setlaug**
Setlaug við foss Hundakofalækjar upp við Klettabelti. Hugmyndir eru um að útbúa setlaug við foss sem fellur af Klettabelti austan Hattar.

Rík áhersla er lögð á að aðstöðuna megi byggja í áföngum, eftir því sem þörf og fjárhagur leyfa og að heildarmynd svæðisins sé ávallt höfð í huga, en hún skýrist jafnt og þéttist í því ferli.

Yfirlit yfir helstu áherslur er að finna í kalfa 3.1.

3.1. Yfirlit - helstu breytingar

Á meðfylgjandi loftmynd 10 eru aðstæður sýndar eins og þær voru árið 2008. Þá var sandnáma opin og sandur fauk á nærliggjandi grasflatir. Uppræðsla hófst fljótlega eftir þetta og var grasi sáð í opin sár.

Grípa þarf til umfangsmeiri aðgerða til að gera svæðið aðlaðandi fyrir ferðamenn.

Mynd 11 sýnir hugmynd að helstu breytingum á svæðinu. Á myndinni eru afmörkuð svæði sem ætlunin er að byggja mannvirki á, hvar koma á fyrir bílastæðum, landmótun og gróðursetningu. Byggingarreitir eru sýndir innan rauðu brotalínanna. Hugmyndir að nýtingu þriggja lóða á deiliskipulagssvæðinu eru þessar:

- **Klettsvegur 5 og 7b – svæði F, G og H***

Miðað er við að núverandi Höttur verði endurbyggður. Að auki má byggja á reitnum tvær nýjar gísteiningar (svæði F).

Miðað er við að leyfilegt verði að byggja 8 litlar gísteiningar annaðhvort í stökum húsum eða í einni byggingu (svæði G).

- **Klettsvegur 7a, sunnan vegar - svæði C og D***

Miðað er við að byggja nýtt þjónustuhús austast. Miðað er að þar verði salerni, sturtur, þvottaaðstaða og geymslur fyrir tjaldsvæðið (svæði C).

- **Klettsvegur 9 – svæði J***

Miðað er við að leyfilegt verði að byggja 7 litlar gísteiningar annaðhvort í stökum húsum eða í einni byggingu (svæði J).

* Sjá einnig skýringaruppdrátt nr. 105



4. Skipulagsskilmálar

4.0. Almenn

Í þessum kafla er fjallað um skipulagsskilmála sem marka umgjörð um deiliskipulagið og landnotkunina.

4.1. Bílaumferð

Umferð til og frá tjaldsvæði eru um Klettsveg, hinn gamla þjóðveg um Vík. Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Klettsvegur nái að gólfskála en eftir það breytist hann í göngu og reiðstíg. Aðkomuleiðir að einstökum hlutum tjaldsvæðis er um Klettsveg. Miðað er við að gestir á tjaldsvæðinu á flötunum sunnan Klettsvegar geti ekið inn á tjaldsvæði og lagt bílum sínum þar, hvort heldur þeir eru í tjöldum, hjólhýsum eða húsbílum. Þessi akstursleið tengist Klettsvegi á tveimur stöðum. Staðsetning og tengingar eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Miðað er við að þessar akstursleiðir verði styrktar þannig að þær þoli bílaumferð óháð veðri. Fyrirhugað að lengja þessar akstursleiðir og útbúa akveg inn á afmörkuð tjaldhólf.

4.2. Bílastæði

Þó svo að gert sé ráð fyrir að gestir leggi bílum sínum inni á tjaldsvæðinu er gert ráð fyrir nokkrum bílastæðum meðfram Klettsvegi. Þar verða bílastæði fyrir hreyfihamlaða, gesti og starfsmenn í samræmi við regulgerðir. Á deiliskipulagsuppdrætti eru sýnd 76 bílastæði, þar af 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Einnig er komið fyrir 3 stæðum fyrir rútur. Bílastæði gegnd gólfskálanum nýstast einnig gólfvellingum.

Á skýringaruppdrætti 110 ”SVÆÐANOTKUN INNAN LÓÐAR” er gerð grein fyrir notkun svæða og útreikningum á bílastæðapörf.

4.3. Veitur

Veitur sem um ræðir eru fráveita, vatnsveita, og rafveita. Allar stofnæðar liggja samhliða Klettsvegi. Gera þarf sérstakan tækniuppdrátt sem sýnir legu veitna á lóð tjaldsvæðisins.

4.3.1. Frárennsli

Frárennsli frá öllum mannvirkum tjaldsvæðis tengist fráveitu Mýrdalshrepps. Fráveitukerfið er í samræmi við byggingareglugerðir og reglugerðir um fráveitur og skolp.

4.3.2. Vatnsveita

Neysluvatn kemur frá vatnsveitu Mýrdalshrepps.

4.3.3. Rafveita

Rafmagn kemur frá RARIK.

4.3.4. Rafmagnsstaurar

Gestir á taldsvæði geta keypt aðgang að rafmagni. Í dag eru um 8 tengistaurar staðsettir á tjaldsvæðinu sunnan Klettsvegar. Gert er ráð fyrir að fjölga þessum tengistaurum.

4.4. Landmótun, uppgræðsla og gróður

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir nokkurri landmótun, uppgræðslu og plöntun á trjágróðri, fyrst og fremst til að hefta sandfok, skapa skjól fyrir helstu vindáttum og fegra umhverfið.

Landmótun felst í jarðvegsgörðum á tjaldsvæðinu sunnan Klettsvegar og landmótun í fyrrverandi sandnámum. Jarðvegsgarðar sem teiknaðir eru á deiliskipulagsuppdrætti er bæði ætlað að mynda skjól en ekki síður að mynda hólf umhverfis hæfilega stór svæði fyrir tjöld, hjólhýsi og húsbíla á opna svæði fyrir neðan Klettsveg. Þess bera að geta að þessi jarðvegsgarðar eru með í því að búa til brunahólfun á svæðinu. Miðað er við að þessir garðar verði gerðir úr tiltækum jarðvegi og grjóti og í þá sáð grasi og plantað trjám til að auka enn frekar skjólmyndun. Nauðsynlegt getur reynst að koma fyrir bráðabirgða skjólveggjum til þess að hjálpa gróðri að dafna. Hæð jarðvegsgarða er sýnd á skýringaruppdráttum.

Miðað er við að jarðvegsgarðar verði byggðir í áföngum. Til þess að nýta landhallann í fyrrverandi sandnámum er miðað við að mótaðir verði stallar í brekkuna. Þessa stalla má svo í framtíðinni nota fyrir tjöld og/eða smáhýsi. Hugmyndir að landmótun og nýtingu eru sýndar í skýringaruppdráttum. Mikilvægur hluti af uppgræðslu er að binda jarðveg og hefta fok. Í þetta verkefni verða notaðar þekktar aðferðir sem innlendir aðilar eins og Skógrækt ríkisins hefur reynslu af. Miðað er við að nota melgresi og lúpínu í sandfláka, dreyfa skít og áburði og planta síðan íslenskum trjátegundum eins og birki og reynivið. Skjólbelti verða mynduð með harðgerðum víðitegundum.

Núverandi trjágróður verður styrktur með nýjum plöntum. Gerð skal sérstök áætlun um uppgræðslu og trjágróður. Velja skal trátegundir sem henta fyrir veðurfar og jarðvegsaðstæður í Vík.

4.5. Brunavarnir

Slökkviliðið í Vík eru Brunavarnir Mýrdalshrepps. Umferð slökkviliðs að tjaldsvæðinu og um svæðið er um Klettsveg. Jarðvegsgarðar eru notaðir til að mynda hæfilega stór brunahólf sem eru á bilinu 700 -1000 m² stór. Miðað er við að hver húsbíla- og/eða hjólhýsa eining hafa um 100 m² svæði til umráða og að fjarlægð á milli eininga sé ekki undir 3 metrum. Brunavarnir í byggingum fylgja ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar. Brunahani er staðsettur við Klettsveg 1 við innkeyslu að hóteli. Æskilegt er að staðsetja annan brunahana við Klettsveg 7.

4.6. Sorp – móttaka, flokkun og förgun

Í dag eru sorpgámar fyrir tjaldsvæðið staðsettir norðan Klettsvegur austan við bílastæði á hellulögðu svæði við jarðvegsgarð. Þessu á að breyta og koma fyrir sorpgámum í lokuð gerði við þjónustuplan. Þjónustuplan ásamt búnaði verður sérstaklega hannað í samræmi við gildandi reglugerðir. Sorpílát eru staðsett inni á tjaldsvæðinu á all nokkrum stöðum.

Við sorpílát, bæði inn í gistiskálum, matsal og salernum er lögð rík áhersla á flokkun sorps. Allur úrgangur er flokkaður eftir kerfi.

4.7. Losu á seyru frá húsbílum

Í dag er seyra frá húsbílum losuð í rotpró sem er sameiginleg með gólfskála og staðsett upp við Klettsveg austan við gólfskála. Við uppbyggingu á þjónustuplani fyrir húsbíla verður þessi aðstaða hönnuð í samræmi við viðeigandi reglugerðir.

4.8. Leiksvæði fyrir börn

Í dag er leiksvæði staðsett meðfram Klettsvegi og uppi við þjónustuhús. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að stækka þetta svæði til vesturs og koma þar fyrir fjölbreyttri aðstöðu til leikja. Hugmyndir að fyrirkomulagi, leiksvæðis eru sýndar á deiliskipulagsuppdrætti.

4.9. Göngustígar og útsýnispallur

Stefnt er að því að byggja útsýnispall á sléttu flötinni upp við klettabeltið. Þar er ætlunin að koma fyrir fræðsluskiltum og setaðstöðu. Á deiliskipulagsuppdráttum eru sýndir göngustígar. Göngustígar verða sérstaklega hannaðir.



Mynd 12. Hugmynd að útsýnispalli.

5. Byggingarskilmálar

5.0. Almennt

Í þessum byggingarskilmálum er gerð grein fyrir sérstökum ákvæðum fyrir einstakar lóðir. Byggingarreitir eru merktir inn á deiliskipulagsuppdrátt og fyrirkomulag sýnt í skýringaruppdráttum.


5.1. Klettsvegur 5 – svæði F

Samkvæmt áliti sérfræðinga er hættu á að stakur drangi í klettabeltinu lítið eitt austan við gistiskálann Hött, geti fallið t.d. í jarðskjálftum.¹ Til þess að draga úr þessari slyshættu er við það miðað að drangurinn verði felldur með sprengiefni og látinn leggjast samsíða klettabeltinu. Þessi aðgerð verður skipulög og unnin að sérfræðingum samkvæmt samþykkt viðkomandi yfirvalda. Byggingarreitur er sýndur á deiliskipulagsuppdrætti. Miðað er við að núverandi Höttur verði endurbyggður. Að auki má byggja á reitnum tvær nýjar gistieiningar. Útlit, og þakform skal taka mið af núverandi húsi þannig að saman myndi þau eina samfellda heild. Hús skulu vera ein hæð með nýtanlegu risi. Fyrir liggja drög að þessu mannvirki sem er fyrirhugað að byggja í áföngum Ekki er heimilt að hefja byggingarframkvæmdir fyrr en klettadrangur hefur verið felldur og gengið úr skugga um að ekki stafi hættu frá hruni.

Miðað er við 8 bílastæði á lóðinni, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða.



ÚTLIT SUÐURHLÍÐ



Mynd 13. Klettsvegur 5, nýr Höttur

1. Sjá skýrslu Tómas Jóhannesson og Jón Gunnar Egilsson (2009). *Hættumat fyrir Vík í Mýrdal. Greinargerð með hættumatskortu*. Bls 30.

5.2. Klettsvegur 7a, sunnan vegar – svæði C og D

Nýtt þjónustuhús

Til þess að mæta auknum kröfum um snyrti- og þvottaaðstöðu er áætlað að byggja nýtt þjónustuhús austast á lóðinni. Miðað er að þar verði salerni, sturtur, þvottaaðstaða og geymslur fyrir tjaldsvæðið. Þetta hús verður að hluta fellt inn í jarðvegsgarð við lóðarmörk og er jafnframt ætlað að mynda aukið skjól fyrir hinni ríkjandi suðaustanátt.

Á deiliskipulagsuppdraetti er sýndur byggingarreitur fyrir þetta hús. Fyrir liggja drög að þessu mannvirki sem er fyrirhugað að byggja í áföngum.

Þjónustusvæði fyrir hjólhýsi og húsbíla


Við hliðina á nýja þjónustuhúsinu og uppi við Klettsveg verður byggð aðstaða þar sem eigendur hjólhýsa og húsbíla geta tekið vatn og losað skólp. Byggt verður þjónustuplan og komið fyrir nauðsynlegum losunarbúnaði, í samræmi við reglugerðir.

Sorp

Aðstaða fyrir sorpgáma er staðsett við hliðina á nýju þjónustuplani. Miðað er við að byggt verði gerði umhverfis sorpgámana. Miðað er við flokkun sorps.

Endurbætur á átthyrndu þjónustuhúsi

Samkvæmt þessu deiliskipulagi verða snyrtingar og þvottaaðstaða í átthyrndu þjónustuhúsi lagðar af. Stefnt er að því að nota húsið fyrir skrifstofur tjaldsvæðis og eldunaraðstöðu. Tillögur gera ráð fyrir yfirbyggðri verönd að sunnanverðu og að byggja pall og/eða stétt umhverfis húsið sem tengist nýju þjónustuhúsi og bílastæðum við Klettsveg.



Mynd 14. Klettsvegur 7a, sunnan vegar – svæði C og D, sjá skýringaruppdrátt 105.

5.3. Klettsvegur 7b, norðan vegar – svæði G

Ný gistiaðstaða

Byggingarreitur er sýndur á deiliskipulagsuppdraetti. Miðað er við að leyfilegt verði að byggja 6 - 8 litlar gistieiningar annaðhvort í stökum húsum eða í einni byggingu. Á skýringaruppdraetti eru sýnd smáhýsi með 6 - 8 gistieiningum með mænisstefnu þvert á Klettsveg. Hús skulu vera ein hæð og geta verið með nýtanlegu risi. Fyrir liggja drög að þessu mannvirki sem er fyrirhugað að byggja í áföngum. Miðað er við 8 bílastæði á lóðinni, sem staðsett eru meðfram Klettsvegi.

Tjaldstæði

Eins og fram hefur komið er lóðin norðan Klettsvegar allt öðru vísi en lóðarhlutinn sunnan vegar. Hér eru aðstæður ákjósanlegar fyrir tjöld í skjólgóðu umhverfi. Miðað er við að styrkja svæðið með trjágróðri til að auka enn á skjólmyndunina, staðsetja bekki og borð og koma upp aðstöðu fyrir útigrill. Hugmyndir um slíka aðstöðu eru sýndar í skýringaruppdráttum.

Bílastæði - takmörkun umferðar

Ekki er gert ráð fyrir að gestir í töldum eða smáhýsum norðan Klettsvegar aki inn á lóðina. Því verður komið fyrir bílastæðum norðan Klettsvegar fyrir gesti sem nota þetta svæði.



Mynd 15: Klettsvegur 7b – svæði G og H, sjá skýringaruppdrátt 105.

5.4. Fyrrverandi sandnámur - Klettsvegur 9 – svæði J

Hugmyndir um nýtingu á þessu svæði eru enn í mótun. Stefnt er að því að byggja útsýnispall á sléttu flötinni upp við klettabeltið sem fellur að landslagi.

Byggingarreitur er sýndur á deiliskipulagsuppdrætti. Miðað er við að leyfilegt verði að byggja 7 litlar gístieiningar annaðhvort í stökum húsum eða í einni byggingu. Útlit, og þakform skal taka mið af gísteiningu á Klettsveg 5 og 7b þannig að saman myndi þau eina samfellda heild. Hús skulu vera ein hæð með nýtanlegu risi. Fyrir liggja drög að þessum mannvirkjum sem er fyrirhugað að byggja í áföngum.



Mynd 16. Klettsvegur 9 – svæði J, sjá skýringaruppdrátt 105.

6. Fylgigögn


6.1. Deiliskipulagsuppdrættir

- 101. *Deiliskipulagsuppdráttur M. 1:1000*
- 102. *Skýringaruppdráttur M. 1:1000*
- 103. *Skýringaruppdráttur - neðra svæði M. 1:500*
- 104. *Skýringaruppdráttur - efra svæði M. 1:500*
- 105. *Skýringaruppdráttur - Svæðanotkun innan lóðar. M. 1:500.*

6.2. Skýringarmyndir af mannvirkjum


- 101. *Afstöðumynd M. 1:500*
- 102. *Grunnmyndir af Hetti M. 1:100*
- 103. *Útlit og snið af Hetti M. 1:100*
- 104. *Grunnmynd af nýju þjónustuhúsi M. 1:100*
- 105. *Útlit og snið af nýju þjónustuhúsi M. 1:100*
- 106. *Grunnmyndir og útlit af smáhýsum M. 1:100*

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
DEILISKIPULAG FYRIR LÓÐIR VIÐ KLETTSVEG



VÍK Í MÝRDAL - AÐALSKIPULAG 2012-2028

- SKÝRINGAR
MÖRK DEILISKIPULAGS
LÓÐARMÖRK
BYGGINGARREITUR
NÚVERANDI BYGGING
HÆTTUSVÆÐI A
GATA - BÍLASTÆÐI
AKSTURLEIÐ UM LÖÐ
SVÆÐI FYRIR HJÓLHÝSI OG HÚSBÍLA
AKSTURSLEIÐ UM SVÆÐI
ÚTIVISTARSTÍGUR
GÖÐURBELTI - ÚTIVISTARSVÆÐI
LANDMÓTUN - SKJÓLGARÐAR
GRÓUR - VATN



NÝTINGARLYKILL

4.5	1,500 m2	Max. þakhl.	Lóðarstærð
0.5	2 gr.	nýtingarhlutf.	fiðli glsir, bílast.

SAMÞYKKTIR
Deiliskipulag þetta sem hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____, var samþykkt þann _____

Sveitarsjórn Mýrdalshrepps.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deil Stjórnartíðinda þann _____

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
DEILISKIPULAG FYRIR LÖÐ
verkefni: Deiliskipulag
verkkaupt: Tjaldstæðið í Vík

Kortagrunnur: Kortagrunnur frá Mýrdalshreppi
Lofmynd með hæðarlínum 2012, frá Lofmyndum ehf.

verk nr. _____ A1 blað 1/5

DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR


1:1000 ÆH 26.02.2014


Teiknistofan Víðihlið 45 k.l. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630

alþína thordarson netfang alþína@simnet.is
arkitekt fai/fssa netfang alþína@simnet.is
ævar harðarson netfang ævarh@simnet.is
arkitekt fai netfang avarh@simnet.is

HNITASKRÁ HORNPÚNKTA LÖÐAR

nr	X hnít	Y hnít	Z hnít
1.	500029.6411,	323757.2764,	0.0000
2.	500047.0892,	323667.5373,	0.0000
3.	500095.1542,	323661.9530,	0.0000
4.	500190.2658,	323661.0726,	0.0000
5.	500355.6379,	323671.6820,	0.0000
6.	500345.7995,	323694.1475,	0.0000
7.	500276.9099,	323810.3329,	0.0000
8.	500383.0188,	323857.1726,	0.0000
9.	500250.6553,	323939.2397,	0.0000
10.	500203.4381,	323924.7449,	0.0000
11.	500195.5197,	323875.7052,	0.0000
12.	500160.3530,	323843.1843,	0.0000
13.	500110.1802,	323826.7286,	0.0000
14.	500117.4955,	323784.5453,	0.0000






VÍK Í MÝRDAL - AÐALSKIPULAG 2012–2028

SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- NÚVERANDI BYGGING
- HÆTTUSVÆÐI A
- GATA - BÍLASTÆÐI
- AKSTURLEIÐ UM LÖÐ
- SVÆÐI FYRIR HJÓLHÝSI OG HÚSBÍLA
- AKSTURSLEIÐ UM SVÆÐI
- ÚTIVISTARSTÍGUR
- GÓÐURBELTI - ÚTIVISTARSVÆÐI
- LANDMÓTUN - SKJÓLGARÐAR
- GRÓUR - VATN

LYKILMYND M. 1:4500



NÝTINGARLYKILL

4.5	1,500 m ²	Max. þakhl.	lóðarstærð
0.5	2 gr.	nýtingarhlutf.	fiðli glsir, bílast.

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta sem hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____, var samþykkt þann _____.

Sveitarsjórn Mýrdalshrepps.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B- deil Stjórnartíðinda þann _____.

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL

DEILISKIPULAG FYRIR LÖÐ

verkefni: Deiliskipulag
verkkaupt: Tjaldstæðið í Vík

Kortagrunnur: Kortagrunnur frá Mýrdalshreppi
Lofmynd með hæðarlínum 2012, frá Loftmyndum ehf.


verk nr. A1 blað 2/5

SKÝRINGARUPPDRATTUR

1:1000 ÆH 26.02.2014


Teiknistofan Víðihlið 45 k.t. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630

albina thordarson
arkitekt fai/fssa netfang albina@simnet.is
ævar harðarson
arkitekt fai netfang avarh@simnet.is




VÍK Í MÝRDAL - ADALSKIPULAG 2012-2028

- SKÝRINGAR
- MÖRK DEILISKIPULAGS
 - LÓÐARMÖRK
 - BYGGINGARREITUR
 - NÚVERANDI BYGGING
 - HÆTTUSVÆÐI A
 - GATA - BÍLASTÆÐI
 - AKSTURLEIÐ UM LÖÐ
 - SVÆÐI FYRIR HJÓLHÝSI OG HÚSBÍLA
 - AKSTURSLEIÐ UM SVÆÐI
 - ÚTIVISTARSTÍGUR
 - GÖÐURBELTI - ÚTIVISTARSVÆÐI
 - LANDMÓTUN - SKJÓLGARÐAR
 - GRÓUR - VATN



NÝTINGARLYKILL

4.5	1,500 m ²	Max. þakhl.	lóðarstærð
0.5	2 gr.	nýtingarhlutf.	fróð gísir, bílast.



TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
DEILISKIPULAG FYRIR LÖÐ
verkefni: Deiliskipulag
verkkaupt: Tjaldstæðið í Vík

Kortagrunnur: Kortagrunnur frá Mýrdalshreppi
Lofmynd með hæðarlínum 2012, frá Loftmyndum ehf.



verk nr. A1 blað 3/5

SKÝRINGARUPPDRATTUR - BYGGINGAR

1:300 ÆH 26.02.2014


Teiknistofan Víðihlið 45 k.l. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630

alþína thordarson netfang alþína@simnet.is
arkitekt fai/fssa netfang avarh@simnet.is
arkitekt fai



VÍK Í MÝRDAL - ADALSKIPULAG 2012-2028

- SKÝRINGAR
- MÖRK DEILISKIPULAGS
 - LÓDARMÖRK
 - BYGGINGARREITUR
 - NÚVERANDI BYGGING
 - HÆTTUSVÆÐI A
 - GATA - BÍLASTÆÐI
 - AKSTURLEIÐ UM LÖÐ
 - SVÆÐI FYRIR HJÓLHÝSI OG HÚSBÍLA
 - AKSTURLEIÐ UM SVÆÐI
 - ÚTIVISTARSTÍGUR
 - GÖÐURBELTI - ÚTIVISTARSVÆÐI
 - LANDMÓTUN - SKJÓLGARÐAR
 - GRÓUR - VATN



NÝTINGARLYKILL

4.5	1,500 m ²	Max. þakhl.	lóðarstærð
0.5	2 gr.	nýtingarhlutf.	fiðli gislr. bílast.

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
DEILISKIPULAG FYRIR LÖÐ
verkefni: Deiliskipulag
verkkaupt: Tjaldstæðið í Vík

Kortagrunnur: Kortagrunnur frá Mýrdalshrepp
Lofmynd með hæðarlínum 2012, frá Loftmyndum ehf.

verk nr. A1 blað 4/5



SKÝRINGARUPPDRATTUR - LANDNOTKUN

1:500 ÆH 26.02.2014

Teiknistofan Víðihlið 45 k.l. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630

albina thordarson netfang albina@simnet.is
arkitekt fai/fssa
ævar harðarson netfang avarh@simnet.is
arkitekt fai

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
NOTKUN LÓÐA - BÍLASTÆÐI



SKÝRINGAR

Teikningin sýnir landnotkun á tjaldsvæðinu. Tjaldsvæðinu hefur verið skipt upp í svæði, sem eru merkt með bókstöfum A til J.

Nýting svæða fer eftir aðstæðum og landhalla. Svæðin eru ýmist nýtt fyrir hjólhýsi, húsbíla og tjöld eða fyrir sameiginlega þjónustu.

Eftirfarandi viðmið eru notað til að áætla fjölda bílastæða.

- Eitt bílastæði fyrir íbúð undir 30 m².
- Tvö bílastæði fyrir íbúðir yfir 40 m².
- Eitt stæði fyrir hvert tjald.

Bílastæði fyrir gesti hjólhýsa, tjaldvagna og húsbílum eru inni á tjaldsvæðinu.

- Klettsvegur 7a**
- A** Leikja- og íþróttasvæði einnig tjöld
 - B** Stækkunarsvæði 12 hjólhýsi og húsbílar
 - C** Leiksvæði- þjónustasvæði 14 bílastæði þar af 1 stæði fatlaðra
 - D** 30 hjólhýsi, húsbílar og tjöld
 - E** 60 hjólhýsi, húsbílar og tjöld

Klettsvegur 5

- F** 4 íbúðir 8 bílastæði, þar af 1 stæði fatlaðra Einnig tjöld

Klettsvegur 7b

- G** 6 - 8 gisteiningar og eða 10 tjöld
- H** 28 tjöld

Klettsvegur 9

- J** 7 - 9 smáhýsi eða 15 - 20 tjöld

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
DEILISKIPULAG FYRIR LÖÐ
verkefni: Deiliskipulag
verkkaupi: Tjaldstæðið í Vík

Kortagrunnur: Kortagrunnur frá Mýrdalshrepp
Lofmynd með hæðarlinum 2012, frá Loftmyndum ehf.

verk nr. A1 blað 5/5

SVÆÐANOTKUN INNAN LÓÐAR

1:500 ÆH 26.02.2014

Teiknistofan Víðihlið 45 k.t. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630

albina thordarson netfang albina@simnet.is
arkitekt fai/fssa
ævar harðarson netfang avarh@simnet.is
arkitekt fai



BYGGINGARLÝSING :

Sótt er um leyfi til að endurbæta og stækka Hött. Í húsinu eru fjórar gistieiningar.

Húsið er eftirmynd af burstabæ.

Burðarvirki er járnbent steinsteypa, súlur, veggir og plötur. Steyptir innveggir eru REI60.

Nýbyggingin er einangruð og utan í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Þak er steinsteyppt og einangrað að utan. Þakið er klætt með torfi/bárujárni. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar, opnanleg fög og útihurðir úr Oregon Pine.

Allar hurðir eru 90 x 210 cm. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við ÍST staðla og reglugerðir.

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
UPPBYGGING AÐSTÖÐU

verkefni: Klettsvegur 5, 7 og 9
verkkaupi: Tjaldstæðið í Vík


verk nr. 201104006 A2 blað 1/6

afstöðumynd


málsvæði 1:500 teiknað yfirfarið dagsetning 26.02.2014

Teiknistofan Viðihlið 45 k.t. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630

albina thordarson netfang albina@simnet.is
arkitekt fai/fssa netfang avarh@simnet.is
ævar harðarson
arkitekt fai



GRUNNMYND 2. HÆÐAR



GRUNNMYND 1. HÆÐAR

BYGGINGARLÝSING :

Sótt er um leyfi til að endurbæta og stækka Hött. Í húsinu eru fjórar gistieiningar.

Húsið er eftirmynd af burstabæ.

Burðarvirki er járnbent steinsteypa, súlur, veggir og plötur. Steyptir innveggir eru REI60.

Nýbyggingin er einangruð og utan í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Þak er steinsteypt og einangrað að utan. Þakið er klætt með torfi/bárujárni. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar, opnanleg fög og útihurðir úr Oregon Pine.

Allar hurðir eru 90 x 210 cm. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við ÍST staðla og reglugerðir.

BRUNAVARNIR :

- flóttaleið
- útljós og neyðarlýsing komi á flóttaleiðir
- stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis
- björgunarop
- brunaslanga 25 m

- Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi ?
- Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.
- EI60 frágangur lagna skal vera á milli brunahólfa.
- Handslökkvitæki skal setja upp í samráði við slökkviliðsstjóra eða eldvarnareftirlit.

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
UPPBYGGING AÐSTÖÐU

verkefni: Höttur, endurbygging og viðbygging
verkkaupi: Tjaldstæðið í Vík


verk nr. 201104006 A2 blað 2/6

grunnmynd 1. og 2. hæð

málsvæði 1:100 teiknað yfirfarið dagsetning 26.02.2014

Teiknistofan Viðihlið 45 k.t. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630

albína thordarson netfang albina@simnet.is
arkitekt fai/fssa ævar harðarson
arkitekt fai netfang avarh@simnet.is



- Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi ?
- Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.
- El60 frágangur lagna skal vera á milli brunahólf.
- Handslökkvitæki skal setja upp í samráði við slökkviliðsstjóra eða eldvarnarefirlit.

verkefni: Höttur, endurbygging og viðbygging
verkkaupi: Tjaldstæði í Vík


verk nr. 201104006 A2 blađ 3/6

grunnmynd 1. hæðar

málkvæði 1:100	teikna* Æ.H.	yfirfari* dagsetning 26.02.2013
-------------------	-----------------	---------------------------------------

Teiknistofan Viðihlið 45 105 Reykjavík	k.t. 420497-2539 sími 588 8630
---	-----------------------------------

albina thordarson	
arkitekt fai/fssa	netfang albina@simnet.is
ævar harðarson	
arkitekt fai	netfang avarh@simnet.is



BYGGINGARLÝSING :

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt þjónustuhús. Í húsinu eru bæð og salerni gesta ásamt vélageymslu. Áfast húsinu er þjónustuplan fyrir húsbíla og gerði fyrir sorp.

Burðarvirki er járnbent steinsteypa, súlur, veggir og plötur. Steyptir innveggir eru REI60.

Nýbyggingin er einangruð og utan í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Þak er steinsteyppt og einagra að utan. Þakið er klætt með torfi. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar, opnanleg fög og útihurðir úr Oregon Pine.

Allar hurðir eru 90 x 210 cm. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við IST staðla og reglugerðir.

BRUNAVARNIR :

- flóttaleið
- útljós og neyðarlýsing komi á flóttaleiðir
- stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis
- björgunarop
- brunaslanga 25 m

- Sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi ?
- Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.
- EI60 frágangur lagna skal vera á milli brunahólfa.
- Handslökkvitæki skal setja upp í samráði við slökkviliðsstjóra eða eldvarnareftirlit.

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
UPPBYGGING AÐSTÖÐU

verkefni: nýtt þjónustuhús með böðum og salemum

verkkaupi: Tjaldstæðið í Vík


verk nr. 201104006 A2 blað 4/6

grunnmynd 1. hæðar


málsvor 1:100 teiknað yfirfarið dagsetning 26.02.2014

Teiknistofan Viðihlið 45 k.t. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630


albína thordarson netfang albina@simnet.is
arkitekt fai/fssa ævar harðarson
arkitekt fai netfang avarh@simnet.is




GRUNNMYND 1. HÆÐAR



GRUNNMYND 1. HÆÐAR



GRUNNMYND 1. HÆÐAR



- BRUNAVARNIR :
- ← flóttaleið
 - ÚT útljós og neyðarlýsing komi á flóttaleiðir
 - ! stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis
 - BO björgunarop
 - ⌀ brunaslanga 25 m
- Sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi ?
 - Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.
 - El60 frágangur lagna skal vera á milli brunahólfa.
 - Handslökkvitæki skal setja upp í samráði við slökkviliðsstjóra eða eldvarnarefirlit.

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
UPPBYGGING AÐSTÖÐU

verkefni: nýtt þjónustuhús með böðum og salernum
verkkaupi: Tjaldstæðið í Vík


verk nr. 201104006 A2 blað 5/6

snið og útlit


málsvæði 1:100 teiknað yfirfarið dagsetning Æ.H. 26.02.2014

Teiknistofan Viðihlið 45 k.t. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630


albína thordarson netfang albina@simnet.is
arkitekt fai/fssa
ævar harðarson netfang avarh@simnet.is
arkitekt fai



GRUNNMYND 1. HÆÐAR



ÚTLIT SUÐURHLIÐ



ÚTLIT VESTURHLIÐ

BYGGINGARLÝSING :

Sótt er um leyfi til að byggja smáhýs sem er ein hæð með nýtanlegu risi.

Burðarvirki eru timbureiningar. Gólfplata er steypd. Innveggir eru EI60.

Smáhýsin er einangruð í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Þak er heitt timburþak. Þakið er klætt með málmplötum. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar, opnanleg fög og útihurðir úr Oregon Pine.

Allar hurðir eru 90 x 210 cm. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við ÍST staðla og reglugerðir.

BRUNAVARNIR :

- flóttaleið
- útljós og neyðartýsing komi á flóttaleiðir
- stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis
- björgunarop
- brunaslanga 25 m

- Sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi ?
- Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.
- EI60 frágangur lagna skal vera á milli brunahólfa.
- Handslokkvítæki skal setja upp í samráði við slökkviliðsstjóra eða eldvarnareftirlit.

TJALDSTÆÐI VÍK Í MÝRDAL
UPPBYGGING AÐSTÖÐU

verkefni: Smáhýsi, gisting
verkkaupi: Tjaldstæðið í Vík

verk nr. 201104006 A2 blað 6/6

grunnmyndir og útlit

1:100 Æ.H. 26.02.2014

Teiknistofan Viðihlið 45 k.t. 420497-2539
105 Reykjavík sími 588 8630

albína thordarson netfang albina@simnet.is
arkitekt fai/fssa ævar harðarson
arkitekt fai netfang avarh@simnet.is